



# HÚR1A05 / Hugmyndir og úrvinnsla

Námsáætlun, haustönn 2023

<b>Kennari</b>  Kristín Þóra Guðbjartsdóttir	<a href="mailto:kristin.gudbjartsdottir@borgo.is">kristin.gudbjartsdottir@borgo.is</a>
----------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------

## Lýsing: 5 eininga áfangi, 4 kennslustundir á viku (2 x 2 tímar)

Í áfanganum kynnst nemendur ýmsum leiðum til að efla skapandi hugsun, móta, þróa og skrásetja hugmyndir og þar með leggja grunn að áframhaldandi námi við skólann. Áhersla á kveikjur, hugmyndavinnu, skissugerð og úrvinnslu. Skoðaðar eru sýningar og staðir í umhverfinu. Áhersla er lögð á skipulagða vinnu, sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Nemendur fá leiðsögn frá kennara og ráðgjöf við framkvæmd og úrlausn verkefna. Í lok hvers verkefnis fer fram opin og gagnrýnin umræða þar sem nemendur kynna afurð verkefna.

## Þekking, leikni, hæfni:

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ólíkum leiðum í hugmyndavinnu
- hvernig hugmyndavinna gagnast í sköpunarferli
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi samvinnu og samræðu við að dýpka hugmyndavinnu

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér ólíkar aðferðir í hugmyndavinnu
- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- þróa hugmyndir sínar í skipulögðu ferli og vinna úr þeim með skapandi hætti
- tjá sig um eigin hugmyndir og verk og gefa samnemendum uppbyggilega gagnrýni

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita fjölbreyttum aðferðum í feril- og hugmyndavinnu
- nýta sér mismunandi aðferðir til þess að örva flæði hugmynda, bæta úrvinnslu og persónuleg efnistöð,
- þróa hugmyndir sínar áfram og koma þeim á framfæri á fjölbreyttan hátt.
- taka þátt í gagnrýnum umræðum um eigin hugmyndaverk og samnemenda

### Námsmat:

1. verkefni, 15%
2. verkefni, 10%
3. verkefni, 10%
4. verkefni, 15%
5. verkefni, 15%
6. verkefni, 15%
7. verkefni, 10%
8. verkefni, 10%

### Mat verkefna:

**Mat á hverju verkefni fyrir sig er fjórþætt:**

**Verkferli 40%** (hugmyndavinna, skissuvinna, sýnileiki). **Úrvinnsla 40%** (frumleiki hugmynda, myndhugsun, myndbygging og litanotkun). **Kynning og þátttaka í umræðum 10%**. **Vinnusemi í tímum og ástundun 10%**. **SAMTALS: 100%**

**Verkefnin þurfa að vera unnin í tíma.** Kennari getur ekki metið verkefnið til einkunnar ef ekki er sýnileiki að vinnu verkefnisins

### Námsgögn:

Öll verkefni og skil á verkefnum fara fram á INNU **nema annað sé tekið fram í verkefnalýsingu**. Nemendur þurfa að hafa hugmynda- og skissubók til að teikna og skrifa í, helst í stærð A4 – svört innbundin bók með með hvítum blaðsíðum án lína. Mæta með pennaveski, mismunandi skrif- og teikniáhöld, strokleður.

### Aðrar mikilvægar upplýsingar:

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 85% skólasókní áfanganum. Ná þarf 5 í lokaeinkunn til að standast áfangann.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma til að fá þau metin til einkunnar. **Verkefni þurfa að vera unnin í tíma.** Verkefni getur ekki verið metið til einkunnar ef ekki er sýnileiki að vinnu verkefnisins

**Eftir að skilafresti er lokið er ekki tekið á móti verkefnum nema með samráði við kennara.** Ef um forföll eða veikindi eru að ræða á að tilkynna þau á Innu og eða skrifstofu.

**Skólinn tekur ekki ábyrgð á að geyma verkefnin.** Nemendur þurfa að taka vinnuöppu og verkefni með sér í lok annar.

**Farsímar:** Ekki er leyfilegt að nota farsíma uppi við í kennslustundum nema í þágu verkefnis.

**Neysla matar** í kennslustufunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vökva í lokuðum ílátum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst	<b>Nýnemadagur</b>	<i>Nýnemadagur</i>
34	21.-25. ágúst	Kynning á áfanga. <b>VERKEFNI 1 Skjaldamerki</b>	<b>15%</b>
35	28.ágúst -1. sept.	<b>VERKEFNI 1 Skjaldamerki</b>	
36	4.-8. sept.	<b>VERKEFNI 1 Skjaldamerki</b>	
37	11.-15. sept.	<b>VERKEFNI 2 Útvinna, Form og letur</b>	<b>10%</b>
38	18.-22. sept.	<b>VERKEFNI 3 Útvinna, Form, lína, óvenjuleg áhöld</b>	<b>10%</b>
39	25.-29. sept.	<b>VERKEFNI 4 Einkennileg orð</b>	<b>15%</b>
40	2.-6. okt.	<b>VERKEFNI 4 Einkennileg orð</b>	<i>Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I</i>
41	9.-13. okt.	<b>VERKEFNI 4 Einkennileg orð</b>	
42	16.-20. okt	<b>VERKEFNI 5 Bókverk leturform í umhverfi</b>	<b>15%</b>
43	23.-25. okt.	<b>VERKEFNI 5 Bókverk leturform í umhverfi</b>	<i>Haustré fimmtud. og föstud.</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	<b>VERKEFNI 5 Bókverk leturform í umhverfi</b>	
45	6.-10. nóv.	<b>VERKEFNI 6 Þrileikur / óvissuteiking og úrvinnsla</b>	<b>15%</b> <i>Undirb./úrv. Vörðuvika II.</i>
46	13.-17. nóv.	<b>VERKEFNI 6 Þrileikur / óvissuteiking og úrvinnsla</b>	
47	20.-24. nóv.	<b>VERKEFNI 7 Letur</b>	<b>10%</b>
48	27. nóv. - 1. des.	<b>VERKEFNI 7 Letur</b>	
49	4.-8. des	<b>VERKEFNI 8 eitthvað óvænt</b>	<b>10%</b>
50	11.-13. des	<b>VERKEFNI 8 eitthvað óvænt</b>	<i>Síðasti kennsludagur</i>

**Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.**